

---

# HAUSTÞING SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

---



HALDIÐ Á FOSSHÓTEL STYKKISHÓLMÍ

21 - 22. SEPTEMBER 2022



SAMTÖK  
SVEITARFÉLAGA  
Á VESTURLANDI

## Efnisyfirlit

Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2022 .....	2
Dagskrá Haustþings SSV 2022 .....	4
Þingsetning – Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV.....	5
Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar – Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV .....	5
Erindi.....	5
➤ Kynning á Sorpurðun Vesturlands .....	5
Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa .....	6
Ávörp Gesta .....	7
➤ Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri Innviðaráðuneytis .....	7
➤ Stefán Vagn Stefánsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis .....	7
➤ Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga .....	7
Pallborðsumræður um samskipti ríkis og sveitarfélaga.....	8
Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum .....	9
➤ Fjárhags- og starfsáætlun SSV .....	9
➤ Samgöngumál og innviðir.....	9
➤ Opinber þjónusta og menning .....	9
➤ Atvinnu- og umhverfismál .....	9
Þingslit .....	10

## Fulltrúar og gestir á haustþingi SSV 2022

### AKRANES

---

- Líf Lárusdóttir bæjarfulltrúi
- Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
- Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
- Einar Brandsson bæjarfulltrúi
- Liv Aase Skarstad bæjarfulltrúi
- Steinar Adolfsson sviðsstjóri
- Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

### BORGARBYGGÐ

---

- Sigrún Ólafsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Eva Margrét Jónudóttir sveitarst.fulltrúi
- Bjarney Bjarnadóttir sveitarst.fulltrúi
- Brynja Þorsteinsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Sigurður Guðmundsson stjórn SSV
- Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri

### DALABYGGÐ

---

- Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarst.fulltrúi
- Ingibjörg Þóranna Steinud sveitarst.fulltrúi
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason sveitarst.fulltrúi
- Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri

### EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

---

- Sigurbjörg Ottesen sveitarst.fulltrúi

### GRUNDARFJARÐARBÆR

---

- Ágústa Einarsdóttir bæjarfulltrúi
- Jósef Ó. Kjartansson bæjarfulltrúi
- Signý Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi
- Garðar Svansson bæjarfulltrúi
- Sigurður Gísli Guðjónsson bæjarfulltrúi

### HVALFJARÐARSVEIT

---

- Andrea Ýr Arnarsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Elín Ósk Gunnarsdóttir sveitarst.fulltrúi
- Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri

## SKORRADALSHREPPUR

---

- Jón Eiríkur Einarsson sveitarst.fulltrúi

## SNÆFELLSBÆR

---

- Auður Kjartansdóttir bæjarfulltrúi
- Michael Gluszuk bæjarfulltrúi
- Fríða Sveinsdóttir bæjarfulltrúi
- Kristinn Jónasson bæjarstjóri

## STYKKISHÓLMSBÆR

---

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir bæjarfulltrúi
- Steinunn I. Magnúsdóttir bæjarfulltrúi
- Haukur Garðarsson bæjarfulltrúi
- Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

## STARFSMENN SSV

---

- Bjarki Þór Grönfeldt
- Hrefna B. Jónsdóttir
- Helga Guðjónsdóttir
- Linda Guðmundsdóttir
- Ólafur Sveinsson
- Ólöf Guðmundsdóttir
- Margrét Björk Björnsdóttir
- Páll Brynjarsson
- Sigursteinn Sigurðsson
- Svala Svavarsdóttir
- Sædís Björk Þórðardóttir
- Vífill Karlsson

## GESTIR

---

- Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV
- Stefán Vagn Stefánsson þingmaður Norðvesturkjördæmis
- Haraldur Benediktsson þingmaður Norðvesturkjördæmis
- Aðalsteinn Þorsteinsson Innviðaráðuneytið
- Karl Björnsson Samband Ísl.sveitarfélaga
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri Húnaþingi Vestra
- Hlédís Sveinsdóttir stjórnandi pallborðs

## Dagskrá Haustþings SSV 2022

### Miðvikudagur 21. september

- Kl. 13:00 Þingsetning, Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV  
Skipan þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar
- Kl. 13:15 Kynningar:
- Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2023 lagðar fram og kynntar, Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri
  - Kynning á starfsemi SSV
  - Kynning á Sorpurðun Vesturlands, Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri
- Kl. 14:30 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa  
Á þinginu starfa eftirtaldir vinnuhópar:
- Fjármál og starfsáætlun SSV
  - Samgöngumál og innviðir
  - Opinber þjónusta og menning
  - Atvinnu- og umhverfismál
- Kl. 15:30 Kaffi
- Kl. 16:00 Ávörp gesta:
- Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri innviðaráðuneyti
  - Stefán Vagn Stefánsson fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis
  - Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Kl. 17:30 Létt afþreying
- Kl. 20:00 Kvöldverður, sveitarstjórnarfulltrúar heiðraðir eftir langa setu í sveitarstjórnnum

### Fimmtudagur 22. september

- Kl. 09:30 Pallborðsumræður: Samskipti ríkis og sveitarfélaga  
Stjórnandi pallborðs: Hlédís Sveinsdóttir
- Þátttakendur:
- Haraldur Benediktsson alþingsmaður
  - Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþingi vestra
  - Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
  - Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV
- Kl. 11:30 Afgreiðsla áætlana og ályktanna

## Þingsetning - Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV

Formaður SSV setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Guðveig bauð kjörna fulltrúa velkomna fór yfir dagskrá þingsins.

Bauð nýja kjörna fulltrúa. Guðveig kynnti starmenn fundarins. H og S kynntu sig og kynntu Pál

Guðveig tilnefndi Hrafnhildi Hallvarðsdóttur og Steinunni Magnúsdóttur sem fundarstjóra. Þá tilnefndi hún Svölu Svavarsdóttur sem ritara og voru starfsmenn fundarins samþykktir af þingfulltrúum. Steinunn tók við stjórn fundarins og lagði til að í kjörbréfanefnd yrðu Linda Björk Pálsdóttir, Auður Kjartansdóttir og Sigursteinn Sigurðsson. Þar næst gaf hún Páli S. Brynjarssyni framkvæmdastjóra SSV orðið og bað hann að kynna fjárhags- og starfsáætlun SSV.

## Fjárhags- og starfsáætlun lagðar fram og kynntar - Páll Brynjarsson, framkv.stj. SSV

Páll Brynjarsson kom í pontu og kynnti fjárhags- og starfsáætlun sem lág fyrir fundinum ásamt því að kynna starfsemi SSV í heild sinni.

Páll fór yfir starfsáætlun, hlutverk og markmið SSV. Páll nefndi þau lög sem kveða á um starfsemi SSV sem eru sveitarstjórnarlög og lög um byggðáætlun og reifaði helstu markmið SSV sem eru að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, efla samstarf, stuðla að aukinni þekkingu kjörinna fulltrúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans. Páll nefndi þau verkefni sem SSV vinnur samkvæmt samningum og samþykktum sem eru í fyrsta lagi samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun. Í öðru lagi þjónustusamningur við stjórn Sorpurðunar Vesturlands en SSV sér um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum. Í þriðja lagi er það Áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefni henni tengdri sem SSV sér um að framfylgja samkvæmt samningi við Ferðamálastofu. Í fjórða lagi á SSV allt hlutafé í Markaðsstofu Vesturlands og sér um rekstur hennar. Í fimmta og síðasta lagi er SSV falið samkvæmt lögum að vinna að framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands. Einnig fór Páll yfir stjórnskipan og starfsmannahald SSV ásamt yfirferð á helstu áherslum 2023 í samstarfi, hagsmunagæslu, stefnumótun, fræðslu, kynningu, Sóknaráætlun Vesturlands, atvinnuráðgjöf, menningar- og velferðarmálum og áfangastaðarins Vesturlands. Þá fór Páll yfir fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir þeim tekju- og rekstrarliðum sem eru í áætluninni. Fram kom að áætlun gerir ráð fyrir rúmlega 500 þ.kr. rekstrarhagnaði. Í áætlun er gert ráð fyrir rúmlega 3% hækkun á framlagi sveitarfélaganna til SSV. Þá fór hann yfir fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2023 sem er viðauki við fjárhagsáætlun SSV.

Steinunn þakkaði Páli og opnaði á fyrirspurnir um fjárhags- og starfsáætlun.

Páll svaraði spurningum úr sal

Steinunn vísaði fjárhags- og starfsáætlun í nefndarstarfið.

## Erindi

### ➤ [Kynning á Sorpurðun Vesturlands](#)

Hrefna kynnti starfsemi Sorpurðunar Vesturlands en fyrirtækið rekur urðunarstað í Fíflholtum á Mýrum. Fíflholtajörðin er 1.571 hektari en 61 hektari er skilgreindur sem urðunarsvæði. Í erindi Hrefnu kom fram að Urðunarstöðin í Fíflholtum hefur leyfi til að urða allt að 15 þúsund tonn af úrgangi á ári en á síðasta ári voru 14,9 tonn urðuð á svæðinu. Þess má geta að Sorpurðun Vesturlands urðar á einu ári það magn

sem Sorpa urðar á einum mánuði, enda telst urðunarstaðurinn lítill. Hrefna sagði að undanfarin ár hafi verið urðað sorp umfram það sem starfsleyfið leyfir, en starfsemi síðasta árs bendir til þess að almenningur sé að flokka betur og minna magn úrgangs sé því að koma inn á urðunarstaðinn. Þá sagði Hrefna að plastið væri helsta vandamálið því það má endurvinna og það er samt enn að koma í miklum mæli inn á urðunarstaðinn. Þá er flóknast að farga sláturúrgangi en það verður hætt að taka við honum næstu áramót. Hrefna sagði að ríkið þyrfti að koma meira að förgun dýrahæja og sláturúrgangs um allt land, en EES samningur kveður á um að Ísland bæti sig í þessum efnum. Almennt þurfi að minnka magn til urðunar og þar með breyta neyslu- og framleiðsluháttum í landinu.

Steinunn þakkaði Hrefnu fyrir sína yfirferð.

## Tillögur að ályktunum lagðar fram og vinnuhópar taka til starfa

Steinunn bað Pál að koma upp og fara yfir fyrirkomulag vinnuhópa.

Páll kynnti fyrirkomulag og vinnu nefnda og tilgreindi hvar hóparnir ættu að starfa og óskaði eftir því að þeir aðilar sem eru í forsvari fyrir hverja nefnd leiði sínar nefndir til starfa og bauð öðrum fundarmönnum að setja sig í þann hóp sem þeir hefðu áhuga á að vinna í.

### Eftirtaldir aðilar voru forsvarsmenn nefnda:

#### 1. Fjárhags- og starfsáætlun SSV:

Formaður vinnuhóps: Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Starfsmenn SSV: Páll S. Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir

#### 2. Samgöngumál og innviðir:

Formaður vinnuhóps: Jakob Jakobsson

Starfsmaður SSV: Vífill Karlsson og Ólöf Guðmundsdóttir

#### 3. Atvinnu- og umhverfismál:

Formaður vinnuhóps: Sævar Freyr Þráinsson

Starfsmenn SSV: Ólafur Sveinsson, Margrét Björk Björnsdóttir og Hrefna B. Jónsdóttir

#### 4. Opinber þjónusta og menning:

Formaður vinnuhóps: Sigrún Ólafsdóttir

Starfsmenn SSV: Helga Guðjónsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson

Eftir að hópavinnu við ályktanir var lokið bauð Hrafnhildur kjörbréfanefnd að kynna niðurstöður hennar. Auður Kjartansdóttir kom í pontu og tilkynnti að fundurinn væri löglegur og að nefndin gerir engar athugasemdir við kjörbréfin sem voru 29 frá 9 sveitarfélögum.

## Ávörp Gesta

Undir dagskrárliðnum ávörp gesta fluttu þrjú gestir ávörp, en það voru Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri Innviðaráðuneytisins, Stefán Vagn Stefánsson fyrsti þingmaður Norvestur kjördæmis og Karl Björnsson framkvæmdarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### ➤ [Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri Innviðaráðuneytis](#)

Aðalsteinn kynnti verkefni innviðaráðuneytis. Hann ræddi búsetufrelsi, umbætur í húsnæðismálum, framboð og stöðu húsnæðismála á öllu landinu, HMS húsnæðisáætlanir í samvinnu við sveitarfélögin, grænbók og fjármál ríkis og sveitarfélaga þar sem nefnd mun skila af sér niðurstöðum og að bjartsýni ríki um að það komi úrbótatillögur sem hægt er að framfylgja til að bæta stöðuna. Þá sagði hann að staðan væri góð á samgöngum á Vesturlandi og sagðist vonast til að nýtt skip taki við af Baldri. Þá ræddi Aðalsteinn aðgerðir í byggðaaætlun og sagði að megin markmiðið að jafna möguleika allra landshluta hvað varðar búsetuskilyrði. Þá nefndi Aðalsteinn að Sóknaráætlun Vesturlands gengi vel og að hana ætti að efla enn meira.

### ➤ [Stefán Vagn Stefánsson, fyrsti þingmaður Norðvestur kjördæmis](#)

Stefán Vagn bað fyrir kveðju á þingið fyrir hönd þingmanna kjördæmisins. Hann óskaði nýju sveitarstjórnafólki til hamingju með kjörið og einnig þeim sem halda áfram störfum. Stefán sagði að hröð endurnýjun á sveitarstjórnarfólki væri vandamál og að það væri nefnd að störfum sem væri að skoða málið. Þá sagði hann að fjármagn þurfi að fylgja verkefnum sem færð eru frá ríki til sveitarfélaganna. Þá fór hann yfir samgöngumálin og sagði að fókusinn væri oft á stofnleiðirnar en samgöngubætur innan sveitarfélaganna væru einnig gríðarlega mikilvægar og það þyrfti líka að vera með fókusinn þar sem dæmi Skógarstrandavegur og Laxárdalsheiði. Þá sagði Stefán að komið væri inn í 6. gr. fjárlaga kaup á nýju skipi á Breiðafjörð sem á að taka við af Baldri. Stefán ræddi einnig heilbrigðismálin og þá sérstaklega vandræðin með mönnun á Vesturlandi og að mikilvægt væri að gera allt til að snúa þeirri þróun við. Þá fór Stefán yfir stöðu bænda og sagði að hún væri með þeim hætti að ekki verður haldið áfram á þessari braut, nýliðun væri lítil og að vinna væri í gangi til að bæta stöðuna. Stefán lagði áherslu á að til að ná árangri þurfi samtakamátt og að þingmenn, sveitarstjórnarfolk og landshlutasamtök þurfi að vinna saman. Að lokum sagði Stefán að hann væri þakklátur fyrir að vera með á haustþingi SSV og að mikilvægt væri að halda góðu samstarfi við sveitarstjórnastigið.

### ➤ [Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

Karl kynnti sambandið sem er að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og mótar stefnu þeirra í stórum málum sem varða þau öll s.s. flutninga verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og þróun tekjustofna. Karl kynnti hlutföll kvenna og karla í sveitarstjórnnum ásamt þróun á endurnýjunarhlutfalli í sveitarstjórnnum. Þá kynnti Karl þau verkefni og áherslur sem verða til umræðu á landsþingi sambandsins í lok september. Karl kom inn rekstur á þjónustu við fatlað fólk og sagði frá starfshópi sem tók til starfa í júlí og hefur það hlutverk að móta tillögur um kostnaðaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustunnar. Starfshópurinn á að skila af sér tillögum fyrir 1. desember nk. Karl fór einnig yfir störf tekjustofnanefnd en mat fulltrúa sambandsins er að það vanti 20 mkr. inn í rekstur A-hluta sveitarfélaga svo þau geti talist fjárhagslega sjálfbær og skili sameiginlega 9% af tekjum í veltufé frá rekstri. Þá fór hann yfir veltufé frá rekstri, skuldir og



skuldbindingar og skuldahlutfall sveitarfélaganna á Vesturlandi. Hann fór einnig yfir verkefni um stafræna umbreytingu sem er í fullum gangi og í því samhengi nefndi hann sveitarfélagaskólann sem heldur úti stafrænni fræðslu til kjörinna fulltrúa og hvatti til þátttöku. Að lokum ræddi Karl um rammasamning um húsnæðismál en það er grunnur að beinum samningum milli ríkis og einstakra sveitarfélaga með það að markmiði að auka lóðaframboð ásamt því að veita nauðsynlegan fjárstuðning til að tryggja íbúðauppbyggingu.

Steinunn opnaði á fyrirspurnir til gestanna.  
Miklar og góðar umræður sköpuðust um margvísleg málefni.  
Steinunn þakkaði gestum fyrir sín innlegg og komuna.

## Pallborðsumræður um samskipti ríkis og sveitarfélaga

Hrafnhildur kynnti pallborðið en þátttakendur voru:

- Stjórnandi umræðu: Hlédís Sveinsdóttir
- Pallborð
- Haraldur Benediktsson alþingsmaður
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþingi vestra
- Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV

Hlédís kynnti hvern og einn frummælanda, hún gaf þeim orðið í upphafi og síðan var opnaði fyrir spurningar úr sal þar sem þinggestir gátu spurt alla þátttakendur í pallborði eða beint spurningum sínum til ákveðins aðila. Framhaldinu sköpuðust miklar og góðar umræður í um tvær klukkustundir þar sem velt var upp mörgum hliðum á samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Í upphafi umræðna lagði Hlédís tvær spurningar fyrir gesti pallborðsins, annars vegar hvernig þeir meta stöðuna í samskiptum ríkis og sveitarfélaga í dag og hins vegar hvernig hægt væri að bæta samskiptin.

Fram kom að margt hefði lagast í samskiptunum undanfarin ár. Í því sambandi var nefnt að stofnun Jónsmessunefndar þar sem á sér stað reglubundið samtal á milli ríkis og sveitarfélaga hefur skilað árangri. Þá hefur þéttara samtarf sveitarfélaga, ítarlegar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um lagfrumvörp og ályktanir og sóknaráætlanir landshluta einnig skilað árangri.

Hins vegar kom líka skýrt fram að margt væri hægt að gera betur. Fundarmönnum var tíðrætt um að fjármálaráðuneytið hafa ekki sleppt tókunum á stýringunni og sú valddreifing sem átti að ná til fagráðuneyta með nýjum lögum um opinber fjármál hefur ekki gengið eftir. Það þarf viðhorfsbreytingu í fjármálaráðuneytinu sem og öðrum ráðuneytum og stofnunum, því í landinu eru tvö jafnhá stjórnsýslustig. Samráð hefur aukist, en stundum kemur upp sú spurning hvort það sé meira til sýnis en að það skili árangri. Það vantar líka meiri gangsæi í áætlunargerð ríkisins, þannig að við getum með skýrum hætti séð í hvað eru fjármunir ríkisins að fara og hver er breytingin á milli ára. Þátttakendur í pallborði voru líka sammála um að sveitarfélögin geta gert betur og við þurfum að líta í eigin barm. Við getum styrkt okkar samráð og samvinnu enn frekar og verið öflugri í láta í okkur heyra

Í fyrirspurnum fundarmanna komu fram ýmis dæmi um verkefni þar sem hafa verið brotalamir í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, s.s. málefni fatlaðra, endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og heilbrigðisþjónusta. Auk þess var umræða um að upplýsingamiðlun mætti vera betri og mikilvægi þess að þegar verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna að kostnaðarleg áhrif þeirra hafi að fullu verið metin og fullnægjandi fjármagn fylgt þeim.

## Afgreiðsla á fjárhags- og starfsáætlunum og ályktunum

Hrafnhildur bað fulltrúa vinnuhópa að vera tilbúna að koma í pontu og gera grein fyrir störfum hópanna.

### ➤ [Fjárhags- og starfsáætlun SSV](#)

Eyjólfur gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um fjárhags- og starfsáætlun SSV. Hann reifaði umræður hópsins og lagði fram fjárhags- og starfsáætlun til samþykktar eins og hún var lögð fyrir þingið.

#### **Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða**

#### **Starfsáætlun samþykkt samhljóða**

Sjá framlagða og samþykta fjárhags- og starfsáætlun í fylgiskjölum

### ➤ [Samgöngumál og innviðir](#)

Jakob gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um samgöngumál og innviði. Það voru nokkrar breytingar gerðar á þeirri tillögu sem lág fyrir þinginu. Þá komu fram athugasemdir frá þinggestum og tillaga að viðbót um varavegi. Ákveðið að fara í að vinna ályktun um varavegi og bera tillöguna upp í lok dagskrár þingsins.

### ➤ [Opinber þjónusta og menning](#)

Sigrún Ólafsdóttir gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um atvinnu- og umhverfismál og þeirri umræðu sem varð innan hópsins. Hún fór yfir hvern kafla ályktunar fyrir sig og þingforseti bar upp til atkvæða hvern kafla fyrir sig.

**Ályktun um opinbera þjónustu og menningu samþykkt samhljóða** með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt breytingum í yfirferð Sigrúnar.

Sjá framlagða og samþykta ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum

### ➤ [Atvinnu- og umhverfismál](#)

Sævar Freyr Þráinsson gerði grein fyrir starfi vinnuhóps um opinbera þjónustu. Hann las yfir þær breytingar sem vinnuhópurinn gerði á ályktuninni frá upphaflegum gögnum þingsins og nokkrar tillögur að breytingum og viðbótum bættust við.

**Ályktun um atvinnu- og umhverfismál samþykkt samhljóða** með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til ásamt þeim breytingum sem bættust við í yfirferð Sævars um ályktunina.

Sjá framlagða og samþykta ályktun um atvinnu- og umhverfismál í fylgiskjölum.

Þá kom Jakob aftur upp og fór þær viðbætur sem bætt var við ályktun um samgöngumál og innviði.

Ályktun um samgöngumál og innviði samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem vinnuhópur þingsins lagði til og þeim breytingum sem bættust við í yfirferð Jakobs um ályktunina.

Sjá framlagða og samþykka ályktun um samgöngumál og innviði í fylgiskjölum.

Samþykkt var að starfsfólki SSV yrði falið að laga orðalag og stafsetningarvillur í ályktunum.

## Þingslit

Fundarstjórnir Hrafnhildur og Steinunn þökkðu fyrir traustið og fyrir köftuga og góð vinnu á þinginu ásamt því að þakka fundarmönnum fyrir komuna og buðu Pál framkvæmdarstjóra SSV að koma upp og slíta þingi.

Páll þakkaði þingfulltrúum og gestum fyrir gott þing og góðar umræður. Þá þakkaði hann Stykkishólmsbæ fyrir góðar móttökur og hópstjórum og starfsfólki SSV fyrir sína vinnu og sleit þingi.